

## D ó m s o r ð :

Kærði Pétur Magnús Sigurðsson greiði kr. 1000.00 í sekt til verðjöfnunarsjóðs og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. apríl 1948.

Nr. 132/1947. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Kristbirni Borgþóri Þórarinssyni

(Hrl. Magnús Thorlacius).

Brot á bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

## Dómur hæstaréttar.

Er ákærði blindaðist af sólskini, bar honum að stöðva bifreið sína þegar í stað. Þetta gerði ákærði ekki, heldur ók hann áfram nokkurn spöl án þess að geta fylgzt með umferðinni. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skirskotun til raka héraðsdóms hefur ákærði brotið refsíákvæði þau, er í héraðsdómi greinir, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 60 daga. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

## D ó m s o r ð :

Ákærði Kristbjörn Borgþór Þórarinsson sæti varðhaldi 60 daga. Hann er sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,

þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einars B. Guðmundssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1947.**

Ár 1947, laugardaginn 23. ágúst var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 3163/1947: Réttvísing og valdstjórnin gegn Kristbirni Borgþóri Þórarinssyni, sem tekið var til dóms þann 24. fyrra mánaðar.

Mál þetta er af réttvísingar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða Kristbirni Borgþóri Þórarinssyni bifreiðarstjóra, Hverfisgötu 98 A hér í bæ, fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. desember 1923 í Reykjavík og hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt annarri ákæru né refsingu en þeirri, að þann 25. júní 1947 var hann sektaður um 150 krónur fyrir brot gegn 6. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Að morgni fimmtudagsins 13. marz s. l., um kl. 8.10, ók ókærði bifreiðinni R 2875 inn Hverfisgötu hér í bæ. Bifreið þessa á Landssími Íslands og er hún 10 hjóla vöruflugningabifreið af gerðinni G. M. C. Við rannsókn málsins hefur ákærði borið, að hann hafi verið vel fyrirkallaður þennan morgun, hvorki þreyttur né svefnþurfi, enda hafi hann sofið vel undanfarandi nótt og verið vaknaður fyrir um 3 stundarfjórðungum á áður nefndum tíma nefnds morguns. Hann kveðst vera bindindismaður á áfengi og tóbak. Ákærði tók bifreiðarstjórpróf haustið 1942 og segist hann að mestu hafa ekið bifreið að staðaldri síðan, og bifreiðinni R 2875 tók hann að aka í þjónustu Landssímans í aprilmánuði 1946. Bifreið þessa segir hann hafa verið í góðu lagi á tíma þeim, sem hér um ræðir, að öðru leyti en því, að hraðamælir hennar hafi verið óvirkur og hafi hann verið það frá því ákærði tók að aka bifreiðinni. Ákærði hefur tekið sérstaklega fram, að hemlar (vökvaemlar) hennar hafi verið traustir á öllum hjólum. Þá hefur hann látið þess getið, að hann hefði óvenju góða sjón á vinstra auga, en ekki alveg fulla sjón á hægri auga. Veður var þurr og bjart þennan morgun og skein sól in björt í heiði á austurloftinu. Götur voru snjólausar, en hrím mun hafa fallið á þær um nóttina og var það ekki að fullu bráðnað, er hér var komið sögu. Ekki hafði bifreiðin R 2875 snjókeðjur, enda telur ákærði það hafa verið þýðingarlaust, þar eð ekki

hafi verið snjór á jörðu, heldur aðeins hrímskeljungur, eins og fyrr segir.

Á leið sinni austur Hverfisgötu kveðst ákærði hafa ekið með jöfnum hraða og hafi hreyfill bifreiðarinnar verið tengdur í 4. ganghraðastig, en 5 ganghraðastig áfram séu á bifreiðinni. Gizkar hann á, að hraði bifreiðarinnar hafi verið um 20 km miðað við klukkustundarakstur. Er ákærði nálgast gatnamót Rauðarárstígs, kveðst hann heldur hafa hægt á ferð bifreiðarinnar og er að gatnamótum kom, hafi hann litið til vinstri, norður Rauðarárstíg, en enga umferð gangandi manna eða farartækja séð nálgast þaðan, en hann kveðst hafa séð vörubifreiðar standa kyrrar við vörubílastöðina „Þrótt“, sem hefur aðsetur við Rauðarárstíg, skammt norðan við Hverfisgötu, og hafi sumar þeirra staðið allt út að miðri götu. Er ákærði sá enga umferð nálgast af Rauðarárstíg, hélt hann út á gatnamótin og telur, að þá hafi hraði bifreiðarinnar verið um 15 km miðað við klukkustundarakstur. Jafnframt sveigði hann bifreiðinni nokkuð til hægri, þannig, að hún tók stefnu á torgið, sem stendur við gatnamótin sunnan Hverfisgötu, en austan Rauðarárstígs, en þar hugðist ákærði stöðva bifreiðina til að taka farþega í hana. Kveðst ákærði hafa hætt að gefa benzin til hreyfilsins, er hann ók út á gatnamótin, en hugðist að láta bifreiðina renna skáhalt upp að torginu hinum megin þeirra.

Er ákærði var kominn á að gizka yfir mið gatnamótin, segir hann svo hjartan sólargeisla hafa fallið á augu sér, að hann hafi blindast eitt augnablik og telur hann, að bifreiðin hafi runnið um 3—4 metra meðan hann var þannig blindaður af sólinni og unz hann hafði jafnað sig eftir ofbirtuna og sá vel í kringum sig aftur. Segist hann á meðan á þessu stóð hafa tyllt fætinum á fóthemilinn, enda hafi hann hvort sem var þurft að fara að hemla, til þess að fá stöðvað bifreiðina við torgið, en það var ætlun hans, eins og fyrr segir. Það næsta, sem ákærði sá vegna sólarinnar, var maður á reiðhjóli fast við framenda bifreiðarinnar og stefndi hún á hlið hjólsins þvera. Er þetta gerðist, telur ákærði, að framendi bifreiðarinnar hafi verið nákvæmlega kominn yfir gatnamót Rauðarárstígs. Snögghemlaði nú ákærði bifreiðinni og kveðst hafa beitt hemlum eins fast og hann gat og segir hann þá hafa verkað vel, en bifreiðin hafi runnið um 6 metra með hjól í hemlum, þar eð ising hafi verið nokkur á götunum. Rakst nú framvari bifreiðarinnar R 2875 á hjólreiðamanninn, og vissi ákærði nú ekki um stund, hvernig manningum og hjóli hans reiddi af, því hvorttveggja kvarf fyrir vélarþak bifreiðarinnar. Ekki telur hann þó, að nokkurt af hjólum bifreiðarinnar hafi runnið yfir hjólreiðarmanninn. Ákærði hefur látið þess getið við rannsókn málsins, að hann hafi séð manninn á reiðhjólinu líta við eða hika um leið og bifreiðin rakst á hann og hjólið. Er ákærði kom út úr bifreið sinni, að árekstrinum afstöðnum, stóð vinstra framhjól bifreiðarinnar ofan

á afturhjóli reiðhjólsins, en maðurinn lá þannig, að fætur hans voru inni undir framhluta bifreiðarinnar, en efri hluti líkama hans lá beint undir framvara hennar og samhliða honum. Reyndi maðurinn að hreyfa sig og standa upp, en lagðist brátt út af aftur.

Maður sá, er fyrir bifreið ákærða varð, hét Rútur Magnússon frá Steinum í AusturEyjafjallahreppi, fæddur 22. september 1921. Hann var fluttur á Landsspítalann þegar eftir slysið, en hafði hlotið slík lemskur við áreksturinn, að hann andaðist þar kl. 6.30 að kvöldi hins sama dags og slysið varð. Framkvæmdi Þórarinn Sveinsson læknir krufningu á líki hans daginn eftir að hann lézt, og hefur hann lýst áverkum á því þannig, að höfuðkúpa og kúpu-botninn hafi verið brotinn og mjög mikið mar og blæðing hafi verið framanvert hægra megin í heilahelminginn. Enn fremur hafi verið marblæðing vinstra megin aftan til á litla heila. Telur læknirinn ljóst, að áverkar þessir hafi leitt til dauða með skjótum hætti.

Vitað er um nokkra sjónarvotta að slysi þessu. Verða nú fram-burðir þeirra raktir, svo sem ástæða þykir til, svo og annarra, sem einhverjar upplýsingar hafa getað gefið varðandi slys þetta.

Vitnið Einar Jónsson verkstjóri, Laugavegi 145 hér í bæ, 54 ára að aldri, stóð við húsið nr. 119 við Hverfisgötu, er slysið varð, og var það þar að bíða komu bifreiðarinnar R 2875, sem það ætlaði að fara þar upp í. Fylgdist það því með ferðum hennar löngu áður en hún kom að gatnamótum Rauðarárstígs á leið sinni austur Hverfisgötu. Segir vitnið, að bifreiðin hafi ekið fremur hægt, meðan það sá til hennar, en ekki treystir það sér til að gizka nánar á um hraða hennar, enda er það ekki bifreiðarstjóri. Vitnið veitti því athygli, að bifreiðin sveigði að syðri gangstétt Hverfisgötu, áður en hún kom að gatnamótum Rauðarárstígs, enda hafi verið ætlunin hjá ákærða að stöðva bifreiðina við torgið sunnan Hverfisgötu, en austan Rauðarárstígs, eins og fyrr er getið. Hafi nú bifreiðin ekið þannig út á gatnamótin með óbreyttum hraða. Ekki sá vitnið manninn á reiðhjólinu fyrr en alveg um leið og slysið varð, en það telur það hafa viljað til með þeim hætti, að vinstri framendi bifreiðar ákærða rakst á hlið reiðhjólsins, og telur vitnið líkindi til, eftir því hvernig áreksturinn bar að, að hjólreiðamaðurinn hafi ekið af vinstri vegarhelmingi Rauðarárstígs norðan megin Hverfisgötu og stefnt á vinstri vegarhelming Rauðarárstígs, sunnan hennar, og verið kominn rúmlega yfir miðja götuna (Hverfisgötuna), er áreksturinn varð. Alveg á sama augnabliki og áreksturinn varð, sá vitnið, að bifreiðinni var hemað, og þann spöl, sem hún rann eftir það, þar til hún staðnæmdist, fullyrðir það, að afturhjólin hennar hafi verið fasthemluð og ekki bifazt, en um framhjólin getur vitnið ekki borið. Við áreksturinn sá vitnið, að hjólreiðamaðurinn féll á götuna með hjóli sínu, og ýtti bifreiðin honum og hjólinu á undan sér eftir götunni þar til hún

stöðvaðast. Vitnið telur með öllu útilokað, að nokkurt hjól bifreiðar ákærða hafi runnið yfir manninn, eftir að hann féll á götuna. Það lýsir því á sama hátt og ákærði, hvernig hinn slasaði maður lá við bifreiðina eftir slysið.

Vitnið Steingrímur Magnússon verkamaður, Laugarnesvegi 79 hér í bæ, 24 ára að aldri, var statt við húsið nr. 119 við Hverfisgötu, er slysið varð, og var það að biða þar komu bifreiðar ákærða, ásamt vitninu Einari Jónssyni. Er framburður þessa vitnis í fullu samræmi við framburð vitnisins Einars varðandi aðdraganda slyssins og það með hvaða hætti það vildi til. Álit þessa vitnis um hraða bifreiðar ákærða á leið hennar austur Hverfisgötu, áður en slysið varð, er þó ákveðnara en álit vitnisins Einars. Telur vitnið Steingrímur, að hraðinn hafi verið um 15 km miðað við klukkustund meðan það sá til ferða bifreiðarinnar.

Bæði hafa þessi vitni borið, að ekkert hafi verið athugavert við framkomu ákærða eftir að slysið varð, og einnig ber þeim saman um, að sterkt sólskin hafi fallið beint í augu þeirra, sem héldu austur Hverfisgötu á þessum tíma.

Vitnið Páll Long Ingibergsson pipulagninganemi, Bústaðavegi 7 hér í bæ, 30 ára að aldri, var statt við biðstöð strætisvagna við húsið nr. 115 við Hverfisgötu, er slys það, sem hér um ræðir, varð. Veitti það bifreið ákærða eftirtekt nokkru áður en hún kom að gatnamótum Rauðarárstígs á leið sinni austur Hverfisgötu. Virtist því bifreiðinni ekki vera ekið hart og telur, að hraði hennar hafi verið fyrir neðan löglegan innanbæjarhraða. Einnig segir vitnið, að bifreiðin hafi ekið eftir miðri götunni, áður en að fyrrnefndum gatnamótum kom, en því virtist hún beygja heldur til hægri, miðað við stefnu í austur, um leið og hún ók út á gatnamót Rauðarárstígs og vera stödd heldur á hægri vegarhelmingi, er slysið varð. Vitnið segir, að er bifreiðin nálgast mjög gatnamótin, hafi Rútur heitinn stigið á bak reiðhjóli sínu norðan megin við gatnamótin við eystri gangstétt Rauðarárstígs og hafi hann síðan ekið óstöðugur út á gatnamótin, þannig að hann stefndi á vinstri vegarhelming Rauðarárstígs sunnan gatnamótanna. Kveðst vitnið hafa undrazt, að hjólreiðamaðurinn skyldi hætta sér út á gatnamótin, er bifreiðin R 2875 var svo nálægt þeim. Virtist því sem hann veitti henni ekki athygli fyrr en augnabliki áður en áreksturinn varð, en þá hafi hann reynt að sveigja frá bifreiðinni, en það hafi þá verið um seinan. Vitninu heyrðist sem benzínjóf bifreiðarinnar hafi verið aukin rétt um leið og hún ók út á gatnamótin, og hafi hún þá virzt kippast til, en alveg um leið og það gerðist, hafi bifreiðina borið að hjólreiðamanninum, þar sem hann var úti á nærri miðjum gatnamótunum og stefndi hún á hjólið þvert. Er það var þannig fyrir framan bifreiðina, segir vitnið, að henni hafi verið snögg-hemlað, en um leið rakst hún á hjólreiðamanninn. Rann nú bifreiðin nokkurn spöl áfram á ísingunni á götunni, en ekki kveðst

vitnið vita, hvernig maðurinn og hjólið kunni að hafa oltið eða brunað áfram fyrir framan bifreiðina eftir áreksturinn. Vitnið sá hemlaför á götunni eftir bifreiðina, en ekki veit það, hvort þau hafa markazt eftir fram- eða afturhjóli hennar eða hvorttveggja. Það er álit vitnisins, að ákærði hafi ekki veitt hjólreiðamanninum athygli, fyrr en rétt áður en áreksturinn varð, og einnig er það álit þess, að ekki hefði komið til þessa áreksturs, ef hjólreiðamaðurinn hefði verið stöðugri og ferðmeiri í akstrinum yfir gatnamótin.

Vitnið sá ákærða á slysstaðnum eftir að slysið varð. Virtist því ekkert athugavert við framkomu hans og sérstaklega ekki neitt í fari hans, sem benti til þess, að hann hefði neytt áfengis.

Vitnið Jón Sveinbjörnsson vélstjóri, Laugavegi 159 hér í bæ, 47 ára að aldri, ók bifreið vestur Skúlagötu og suður Rauðarárstíg stuttu áður en slysið varð. Kveðst það fyrst hafa veitt Rúti heitnum Magnússyni athygli, er hann ók reiðhjóli sínu vestur Skúlagötu og nálgaðist gatnamót Rauðarárstígs, og ók hann þá á undan vitninu. Beygði síðan hjólreiðamaðurinn suður Rauðarárstíg og vitnið á eftir honum, og ók það síðan í humátt á eftir honum suður fyrrnefnda götu í áttina að Hverfisgötu. Segist það heldur hafa nálgað hjólreiðamanninn, eftir því sem það ók lengra og gizkar það á, að það hafi ekið með 15—20 km hraða miðað við klukkustund. Ekki man vitnið eftir neinni annarri bifreið, sem verið hafi á ferli á Rauðarárstíg norðan Hverfisgötu um þessar mundir, og telur fullvist, að önnur farartæki hafi ekki verið þar á umræddum tíma en bifreið hans og reiðhjól Rúts heitins. Er vitnið átti 5—10 metra ófarna að gatnamótum Hverfisgötu, kveðst það hafa litið af hjólreiðamanninum og litið niður Hverfisgötu, þar eð það bjóst við, að bifreiða væri von, sem ækju austur Hverfisgötu í þessum svifum, enda hafi það komið á daginn, að bifreiðin R 2875 var þar á ferð. Sá vitnið, er hún ók austur yfir gatnamót Rauðarárstígs, og gizkar það á, að hraði hennar hafi þá verið 20—25 km miðað við klst. Ekki sá þetta vitni, er bifreiðin rakst á hjólreiðamanninn, þar eð það leit af honum, áður en hann hélt út á gatnamótin, en er það ók yfir þau, eftir að bifreiðin R 2875 var farin fram hjá, sá það, að hún hafði staðnæmzt skammt fyrir austan Rauðarárstíg, og er það gætti betur að, sá það að maður lá fyrir framan bifreiðina og ákærði stóð þar yfir honum.

Vitnið hefur látið þess getið, að meðan það sá til hjólreiðamannsins, hafi hann haldið hjóli sínu stöðugu á vinstri götuhelmingi og hafi ekkert virzt athugavert við akstur hans. Vitnið segir enn fremur, að veður hafi verið bjart, er slys þetta varð, og glaða sólskin, en ekki veitti það athygli óþægilegri birtu vegna sólarinnar, enda hafi það ekki ekið beint á móti sólinni.

Lögregluþjónarnir Ársæll Kristinn Einarsson og Sigurður Mósés Þorsteinsson komu á slysstaðinn stuttu eftir að slysið varð. Var þá

verið að setja hinn slasaða mann inn í sjúkrahúsið og fór Ársæll Kristinn í henni á Landsspítalann, en þangað var hinn slasaði maður fluttur, eins og fyrr segir, en Sigurður Móses gerði mælingar á staðnum og athugaði þar aðstæður, svo sem venja er hjá lögreglumönnum, er slys verður. Sigurður Móses Þorsteinsson hefur getið þess sem vitni við rannsókn málsins, að það hafi veitt því athygli, er það var á leiðinni austur Hverfisgötu á slysstaðinn, að hjart sólskin skein beint í augu þess og var þess valdandi, að útsýn varð verri úr bifreið þess bæði til hliðar og þó sérstaklega fram undan. Það segir, að hrímskeljungur hafi verið á götunni þennan morgun, en ekki telur það, að ástæða hafi verið fyrir bifreiðar að aka með snjókeðjur, því að götur hafi verið snjólausar. Ekki athugaði vitnið hemla bifreiðarinnar R 2875 á slysstaðnum, en því virtist bifreiðin traust að sjá og ekkert sérstakt sýnilega í ólagi á henni. Það hafði tal af ákærða á staðnum og sá það ekki neitt athugað við hann. Ingólfur Þorsteinsson yfirvarðstjóri í rannsóknarlögreglunni lét reyna hemla bifreiðarinnar R 2875 2 dögum eftir að slysið varð. Var það gert með þeim hætti, að ákærði ók bifreiðinni á mismunandi hraða á Frikirkjuvegi og Sóleyjargötu og snarhemlaði síðan, og kveðst yfirvarðstjórinn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að 6 metra hemlaför bifreiðarinnar svöruðu til þess, að henni væri ekið með 15 og alls ekki meira en 20 km hraða miðað við klukkustund, er tekið er tillit hálfu þeirrar, sem var á slysstaðnum, er slysið varð, og dálitils halla, sem þar er. Er hemlarnir voru reyndir, voru götur auðar en rakar, og rann bifreiðin fulla 6 metra, er henni var fast og snögglega hemlað, er henni var ekið með 20 km hraða miðað við klukkustund. Þess skal getið, að hemlaför bifreiðarinnar R 2875 mældust vera 6 metrar á slysstaðnum. Ingólfur Þorsteinsson kom á slysstaðinn um 20 mínútum eftir að margnefnt slys varð. Veitti hann því athygli, að birta var mjög óhagstæð, er ekið var í bifreið austur Hverfisgötu, þar eð hjart sólskin hafi skinið beint í gegnum framrúðu hennar og í augu ökumanns.

Þess skal að lokum getið, að kvaddir hafa verið sem vitni við rannsókn málsins þeir Ólafur Jóhannsson rennismíðanemi, Barmahlíð 16 hér í bæ, 24 ára að aldri, en hann er unnusti uppeldissystur Rúts heitins Magnússonar og var nákunnugur honum frá barnæsku, enda uppallinn í sömu sveit, og Óskar Magnússon bifreiðarstjóri, Mánagötu 22 hér í bæ, 31 árs að aldri, en hann var albróðir Rúts heitins.

Voru vitni þessu að því spurð, hvort Rútur heitinn hafi haft mikla æfingu í að aka reiðhjóli, og hafa þau bæði borið, að svo hafi verið, enda hafi hann tekið að aka reiðhjóli þegar er hann var barn, búsettur á Steinum í Austur-Eyjafjallahreppi, og haldið því áfram síðan til dauðadags. Einnig telja þau hann hafa verið búinn að fá æfingu í að aka hjóli hér í bænum, því að hann hafi

ekið því í og úr vinnu sinni frá því hann tók að starfa hér í bænum í septembermánuði 1946 og þar til hann lézt 13. marz s. l.

Hefur nú málavöxtum verið lýst, eftir því sem ástæða þykir til, og ber þá að athuga, hvort ákærði telst hafa brotið þau ákvæði laga, sem mál þetta hefur verið höfðað gegn honum fyrir brot á.

Það er upplýst í málinu, að Rútur Magnússon var á leið suður Rauðarárstíg á reiðhjóli og kominn mjög nálægt mótum Rauðarárstígs og Hverfisgötu, er ákærði kom að þeim. En eigi að síður ók Rútur á hjóli sínu út í Hverfisgötu, þó að hún væri aðalgata, en Rauðarárstígur hliðargata.

Á hinn bóginn hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi ekki veitt Rúti athygli, fyrr en Rútur var kominn fast að framenda bifreiðarinnar. Kveðst ákærði þó hafa litið norður Rauðarárstíg, er hann kom að gatnamótunum, og var hann þá ekki orðinn blindaður af sólinni, og heldur er ekki vitað um, að neitt hafi skyggt á umferð norðan Rauðarárstígs frá honum séð. Enn fremur er upplýst, að bifreið ákærða rann 6 metra eftir að hann tók að hemla henni, og bar honum þó að aka henni ekki hraðar yfir gatnamótin, sem eru fjölfarin, en svo, að hann gæti stöðvað hana þegar í stað. Loks átti sólskinið og ísingin á götunni, en ákærða hlaut að vera kunnugt um hvorttveggja, að verða til þess, að hann sýndi enn meiri aðgæzlu og varkárni við akstur bifreiðarinnar en ella. Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, þykir ákærði með akstri sínum hafa orðið meðvaldur að dauða Rúts svo saknæmt sé og gerzt brotlegur gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 1. mgr. 27. gr. og 5. mgr. 26. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Þá hefur ákærði með því að aka bifreið án virks hraðamælis brotið gegn 9. gr. bifreiðalaganna. Þykir refsing ákærða, samkvæmt 215. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðalaganna og 14. gr. umferðarlaganna og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Þá þykir rétt samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða leyfi til að stýra bifreið í 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í máli þessu, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði Kristbjörn Borgþór Þórarinsson sæti varðhaldi í 30 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-

laun til skipaðs verjanda síns í máli þessu, Magnúsar Thorlacius hrl., 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1948.

Nr. 7/1948. **Réttvísín** (Hrl. Gunnar Möller)  
gegn

**Haraldi Kjartanssyni**

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Þjófnaður. Hegningarauki.

### Dómur hæstaréttar.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að ákærði hafi framið þjófnað þann, er í málinu greinir. Með dómi aukaréttar Reykjavíkur 16. júlí 1947 var ákærði dæmdur til að sæta 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 1. málsg. 247. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940. Fyrir það afbrot ákærða, er mál þetta fjallar um og framið var fyrir 16. júlí 1947, verður honum því aðeins dæmdur hegningarauki samkvæmt 78. gr. hegningarlaganna. Þykir hann hæfilega ákveðinn fangelsi 2 mánuði. Að öðru leyti þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 600 krónur til hvors.

### D ó m s o r ð :

Ákærði Haraldur Kjartansson sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og sviptingu réttinda skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Gunnars J. Möllers og Gústafs A. Sveinssonar, 600 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.